

113. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.

Haldinn í Bergi fimmtudaginn 2. ágúst 2022. Fundur hófst kl. 16:40.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir og Lovísa María Sigurgeirsdóttir sem er nýr fulltrúi Dalvíkurbyggðar í stjórninni.

#### Dagskrá:

- 1. Framkvæmdastjóri.** Niðurstaða í viðræðum við Dalvíkurbyggð mun ekki fást fyrr en lengra líður á árið. Nauðsynlegt er að framkvæmdarstjóri sitji á vegum Menningarfélagsins Bergs fram til áramóta. Samþykkt að ráða Helgu Kristínu Sæbjörnsdóttur í 50% starf til áramót en þá standa vonir til að nýtt skipulag geti tekið gildi.
- 2. Búnaður.** Formaður gerði grein fyrir samantekt á því hvað þarf til viðbótar í sal og eldhús til að Menningarhúsið verði sjálfbært um búnað til veisluhalda.
- 3. Staða viðræðna við Dalvíkurbyggð um rekstur Menningarhússins Bergs.** Málið er í ferli. Sveitarstjórn hefur vísað málinu í vinnslu hjá skóla- og menningarfulltrúa og forstöðumanni safna og er þeirra vinna komin vel á veg. Töluverð umræða fór fram um lausn á rekstri kaffihússins og framtíð Menningarfélagsins Bergs ses verði af breyttu rekstrarfyrirkomulagi hússins.

Fundi slitið kl. 18:00.